

HEIMIR.

FLESTAR hinar eldri og merkari sagnir vorar hafa við söguleg rök að styðjast. Þær eru annað hvort ótvíræðileg frásaga orðins hlutar, er segja frá öllu eins og það gekk til, eða þær tengja hina ytri atburði sögunnar innra dómsorði og tilfinningum, er eftir á hafa skapast hjá þjóðinni sjálfri út af atvikum þeim, er sagan greinir frá. Þannig, um leið og þær eru saga, eru þær og sálarlýsing þjóðarinnar á því tímabili, er þær eru skrifaðar á. Um leið og þær skýra frá bardögum og mannfalli, þá segja þær og frá sálarstríði og falli manna frá þeim hugsjónum, er þeir eitt sinn elskuðu og eru ekki enn þá hættir að sakna.

Oftast á þetta sér þó stað í smásögum þeim, sem fléttaðar eru inn í aðal söguþráðinn. Þar er eins og sagnaritarinn lyfti tjaldinu um stund, og sýni inn í hinn andlega heim þjóðarinnar, hvað þar sé að gjörast, hverju þar sé fagnað, hvers saknað og þráð, þess er umliðið er. Þar sér maður þjóðina hugsandi og dreymandi til hálfis um sína eigin sekt, eins og maður sér hana starfandi blint og hugsunarlaust í aðal-frásögunni. Þar er og dómsorðið kveðið upp og —en þar í er fólgin sorgarleikurinn sjálfur— þar er dómnum fullnægt.

Að þetta sé innihald og tildrög sumra þessara sagna er eðlilegt. Á því tímabili, er þær eru sagðar, er nógu langur tími liðinn til þess hægt væri að bera saman liðna og yfirstandandi tíð. og meta ávinning þann, er hlotnast hafði með skiftunum.

Enda skilja menn umliðna hluti bezt eftir á, þegar fram líða stundir. Meðan bardagamóðurinn er svo mikill, að menn gæta hvorki hófs né handa, gæta ekki þótt þeir berjist móti sinni eigin gæfu og yfirgefi forna fræð og heill. Meðan tvær hliðar sækja jafn djarft eftir sigrinum, er ekki hugsað til eftirkastanna. Það er eftir á, að menn fara að skilja. Það er eftir á, þegar hefndarverkin eru unnin, að menn fara að sakna þess, er áður var, en nú er á brott—liðið á brott eins og dagurinn í gær eða sem næturvaka.